

Borgarbyggð  
b/t Sigurður Friðgeir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 13. ágúst 2019  
UST201907-095/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Iðunnarstaðir í Lundarreykjadal – Borgarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Iðunnarstaði í Lundarreykjadal í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur til 5,6 ha. svæðis fyrir 26 herbergja hótél og 2,6 ha. tjaldsvæði.

#### **Vistgerðir**

Í greinargerð kemur fram að undirlendi á Iðunnarstöðum er fremur ófrjótt, mikið um holt og mela, en mólendi á milli.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins er mikill votlendisgróður og er vistgerðin starungsmýravist ríkjandi. Vistgerðin er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.


Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að vernda ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur